

S T A F N

í

R E Y K J A D A L

Ö R N E F N A S K R Á

Ö R N E F N A S K R ÁS T A F N

Örnefni í landi jarðarinnar Stafn, hefur skrásett Ari Gíslason. Heimildarmaður hans var Ingólfur Sigurgeirsson, bóndi og bókbindari í Vallholti, fæddur 16. des. 1907. Forfeður Ingólfs hafa búið í Stafni síðan 1837. Sjálfur fæddist hann þar, ólst upp og hefur átt þar heima og á Vallholti, alla tíð, en Vallholt er nýbýli frá Stafni.

Sumarið 1966 lásu þeir Ingólfur Sigurgeirsson og Páll H. Jónsson handrit Ara Gíslasonar yfir og leiðréttu í samráði hvor við annan. Páll H. Jónsson fæddist að Mýri í Bárðardal, 5. apríl 1908, en ólst upp í Stafni frá 7 vikna aldri til 18 ára. Nú hefur Páll H. Jónsson endurritað landlýsingu og örnefnaskrá Stafns, og haft um það samráð við Ingólf og fleiri.

Jörðin Stafn er í Reykdælahreppi í Suður-Pingeyjarsýslu, oftast nefnd Stafn í Reykjadal. Einnig er Stafn kennt til Fljótshéiðar og þá talað um Stafn á Fljótshéiði. Mjög sjaldgæft nú.

Narfastaðafell lokar Reykjadal til suðurs, og stendur bærinn Narfastaðir norðan þess. Meðfram Narfastaðafelli að austan rennur Reykjadalssá í alldjúpu gili. Nær það gil næstum óslitið frá eyðibýlinu Stafnsholti, sem var næsti bær sunnan við Stafn, allt norður fyrir Narfastaðafell. Frá gilbarminum ris hlíð fellsins allbrött, og er þar ekkert undirlendi að vestanverðu árimmar. Sunnan Narfastaðafells taka við aflíðandi hálfdeigjur, ásar, lyngmóar og mýrardrög niður til árgilsins. Er þar allrúmt um, en þó daldrag eitt. Þar er Stafn, snertispöl sunnan Narfastaðafells. Er lítill hæðarmunur á túnnum í Stafnshverfi, sem nú er oft nefnt svo, og hæstu ásum Fljótshéiðar, þegar frá er tekið Narfastaðafell.

Frá Stafni að sjá, lokar Narfastaðafell útsýni til norðurs, nema hvað austan þess sér til Laxárdalsheiðar og Hvítafells. Til austurs sér í vesturhlíðar víðafells og stendur Stafn gegnt miðju fellinu. Til suðurs lokar sýn Laugafell austast og síðan mishæðir Fljótshéiðar. Að bæjarbaki í vestri liggja ásar Stafnsheiðar.

Land jarðarinnar er n.l. 5,6 km frá norðri til suðurs og n.l. 4 km frá austri til vesturs. Lætur nærri að landið sé jafnhliða ferningur.

Meginhluti lands jarðarinnar er í n.l. 250 m hæð yfir sjó. Hefir það öll einkenni heiðalands, enda, sem fyrr segir, hluti Fljótshéiðar, en eftir að kemur nokkurn spöl vestur fyrir bæinn, er það í daglegu tali nefnt Stafnsheiði, eða aðeins Heiði, og talað um að fara eða vera "vestur í Heiði."

Höfuðeinkenni Heiðarinnar eru ásar og mýrarsund milli þeirra, allviðáttumiklar mýrar og suðvestantil, viðáttumiklir lyngmóar. Ásar og mýrarsund hafa næstum alltaf stefnu frá suðri til norðurs. Stafnsheiði er hæst skammt ofan við bæinn og lækkar hún þaðan til vesturs, allt að merkjum. Þótt mýrar og mýrarsund séu mörg, eru lækir fáir og vatnslitlir, nema í leysingum. Þegar halla tekur til austurs frá ásunum ofan við bæinn, er mikið um hálfdeigjur, lyngholt og viðarmóa.

Landamerki Stafns að norðan, talin frá Reykjadalssá, eru nokkurnvegin í hávestur, um gamlan landamerkjagarð, sem enn sér fyrir, uppá Gatnahjalla austan í Narfastaðafelli, síðan um Merkjalág í fellsbrúninni syðst, þaðan þvert í vestur yfir fellið og áfram um vörðu nyrzt á Langamel og síðan að upptökum Rauðslækjar. Eftir það fylgja þau Rauðslæk, er fellur til vesturs í Seljadalsá. Minnstur hluti Narfastaðafells er í Stafnslandi.

Að austan eru landamerki Laugagróf sunnan til, þar til hún mætir Austurgili og Austurgilsá (einnig nefnd Austurgróf). Eftir það að árnar, Laugagróf og Austurgilsá sameinast, heitir Reykjadalssá, og er hún landamerki allt til Narfastaðalands. Stefna Laugagrófar er lítilsháttar frá suðvestri til norðausturs, en síðan fellur Reykjadalssá nokkurn vegin beint til norðurs.

Að sunnan eru landamerki bein lína til vesturs frá vörðu á vesturbakka Laugagrófar (gegnt Grænanefti í Laugatungu), n.l. þrem fjórðu vegar frá Stafni að Stafnsholti, allt vestur í tungusporð, þar sem Skorulækur kemur að suðvestan og fellur í Kamarlæk.

Að vestan eru merki um Kamarlæk, sem fellur um heiðadrag til norðurs, næstum með Stafnslandi öllu, en beygir þó nyrst til norðausturs lítinn spöl, síðan til norðurs aftur, og í þeim bug, er þar verður, tekur hann í sig Hvannlæk, sem kemur sunnan úr Stafnsheiði og heitir eftir það Seljadalsá. Er þá skammt eftir að Rauðslæk, sem fyrr er nefndur.

Til glöggvunar við skráningu örnefna, þykir hentugt að skipta Stafnslandi í þrennt, frá suðri til norðurs:

- I Vesturhluta, milli Hvannlækjar og Kamarlækjar.
- II Miðhluta, frá Hvannlæk til Bæjarása, nokkurn spöl ofan við (vestan við) Stafnsbæ.
- III Frá Bæjarásu að Reykjadalssá og Laugagróf.

Auk þessa eru talin sér örnefni í "gamla Stafnstúni" og að lokum skrá yfir þau örnefni, sem myndast hafa síðustu ár í nýjum túnnum og eins hin, sem týnst hafa vegna ræktunarframkvæmda og bygginga.

ÖRNEFNI

I

Frá landamerkjum að sunnan, meðfram öllu Stafnslandi að vestan er Kamarlækur(1) og nokkurn spöl nyrzt Seljadalsá(2). Lækurinn er vatnslitill, en fer þó vaxandi er norðar dregur, vegna smálækja og aðrennslis úr mýrum. Hann er víða holbæktur, með jarðbrúm og allstöfum hyljum þar á milli. Vatn er skollitt og þarf lítið dýpi til að ekki sjái í botn. Má vera að nafnið sé af því dregið, en uppruni annars óþekktur. Um miðja vegu fellur í hann Norðurlækur að vestan. Kemur hann úr Arnarvatni, sem er smávatn í landi Heiðarsels. Í vatninu er nokkur silungur sem og læknum. Litlu sunnar en Norðurlækur rennur í Kamarlæk, er krókur á þeim síðarnefnda til vesturs og myndar Lúputanga(3); mun dregið af ærnafni. Skammt sunnan við Lúputanga er í læknum Bunupollur(4) og rétt norðan tangans Vegpollur (5) og enn litlu norðar en lækjamótin, Langipollur (6). Þessi þrjú örnefni eru ung.

Meðfram Kamarlæk nyrzt, allt að bugnum, er hann beygir til norðausturs (sjá landamerkjalyfsingu), er Nónmelsás (7). Á noðrurenda hans heitir Nónmelur(8), og er þar móbergsklöpp við lækinn, sem heitir Nónmelshorn (9). Næstur Nónmelsás að austan er Miðdegisás (10) og í hann miðjan lægð, Miðdegislág (11).

Norðan Miðdegisáss er nokkur rakur móflati að Kamarlæk, þar sem hann fellur til austurs. Á milli ásanna er mjótt sund nafnlaust. Þessi nón- og miðdegisörnefni eru eyktamörk frá Stöpulseli (sjá síðar).

Sunnar en Nónmelsás og næstur Kamarlæk er Mjóáás(12) og austan hans Tjarnarás(13), en milli þeirra mýrarsund, Mjó Sund(14). Vestan Miðdegisáss, á milli hans og Nónmelsáss er allstór mýri, Miðdegismýri(15). Úr henni gengur mýrardrag til norðvesturs sunnan Nónmelsáss, en norðan Mjóáás og Tjarnarás, niður að Kamarlæk, Miðdegismýrarhali(16). Austan Tjarnarás, milli hans og Hvannlækjarása (17) og nyrzt, Hvannlækjaráshala(18), er Tjarnarmýri(19). Syðst í henni er Tjörninn(20), lítil, með litlum hólma. Hvannlækjarásar eru þrjár, hlið við hlið, þegar sunnar dregur, mið á sinn. langlengstur, og nær nyrzti hluti hans, Hvannlækjaráshali, norður undir Miðdegisás, en Hvannlækjarásar eru sem næst beint suður af honum.

Austan Hvannlækjarása, og síðan Miðdegisáss, er Hvannlækur(21), og fellur til norðurs. Hann er vatnslitill, nema í leysingum, og að mestu bergvatn. Hann á upp-tök sín alllangt suður með ásunum, þar sem heita Hvannlækjarbotnar(22).

Sunnan Tjarnarmýrar, á milli Kamarlækjar og Hvannlækjarása, er viðarmóa-flæmi, sem hallar til vesturs. Eru þar ekki örnefni. Sunnan þeirra vestast, og í suðvesturhorni Stafnsheiðar(23), næst Kamarlæk, er Vörðuás(24). Samhliða honum og austar, en aðeins mjótt móasund á milli, er Tjaldás(25). Þar lá grasafólk

við, því gott var til grasa í Stafnsheiði. Austan Tjaldás er mýrarblettur, ekki mikill um sig, með móa á þrjár hliðar en ásinn á eina. Heitir sá Flaga(26). Er þar uppistaða fyrri hluta sumars og í rigningum, en þornar í þurrkatíð og er grasgefin, enda heyjuð fyrrum.

Suður af Hvannlækjarásum, allt til merkja, og vestur að Flögu og Tjaldás, er víðáttumikið mólendi, vaxið lyngi og fjalldrapa og fátt um einkenni. Á þessu mólendi, austur af Flögu er Grjótbunga(27). eru þar sléttar klappir, skafnar af skriðjökli, hinar einu í allri Stafnsheiði, svo gróin er hún, ef frá eru teknir örfáir melar á Ásaröðum. Frá Grjótbungu er mjög skammt til landamerkja að sunnan.

## II

Talið að norðan:

Á landamerkjum að norðan vestast, rennur, eins og segir í landamerkjalyfsingu, Rauðslækur(28), þvert vestur í Seljadalsá (29), sem svo heitir, eftir að Kamarlækur og Hvannlækur sameinast. Meðfram Rauðslæk eru Rauðslækjarvíðrar (30). Lækurinn er vatnslítill. Hann á upptök sín nokkurn spöl austur í heiðinni, norður af Rauðslækjarskotum (31), en það er jarðfall, grafið í vorleysingum og á þá framrás til Rauðslækjar. Meðfram Seljadalsá, frá Rauðslæk að Hvannlæk, heita Bugar (32). Syðst í þeim, í beygjunni, hvar Hvannlækur rennur í Kamarlæk (sjá áður), er Stafnstangi(33) og við hlið hans Lambatangi(34), sem áður tilheyrði Einarssstaðaselslandi - síðar Gafllslandi -, en áin braut sér farveg yfir tangann og eftir það tilheyrir hann Stafni, með góðu samþykki beggja landeigena.

Við bug árinna, þar sem hún beygir til norðurs (sjá landamerkjalyfsingu) eru selrústir, Stöpulsel(35). Austan Buga og Stöpulsel, allt frá Rauðslæk að norðan, er Selás (36). Er hann allbrattur að vestan, en fram á hann liggur mýrardrag að austan. Á þessum slóðum hallar landinu nokkuð niður að Seljadalsá og Hvannlæk. Austur af Selási norðantil eru víðarholt, sem heita Stöpulselshæðir(37). eru Rauðslækjarskot norðaustan hæðanna.

Austan Stöpulselshæða er mýrarblettur, ekki stór um sig, Sóleyjarspilda (38). Þótti hún heygóð á meðan eflað var heyja í heiðinni. Um hana er þessi vísa, kveðin meir af vilja en mætti:

Sóleyjarspilda botnlaus er,  
stór er hún og hræðileg,  
rembingsrymurinn alltaf hvar,  
stelkurinn skekur sig alltaf þar.

Suður af Sóleyjarspildu og Selási er stórt mýrarflæmi, sem heitir Hvannlækjarmýri (39). Nær hún á löngum kafla að Hvannlæk að vestan, en að Stór-ási að austan (sjá síðar). Hallar mýrinni nokkuð til vesturs í átt til

Hvannlækjar. Neðst í mýrinni, suður af Selási, heitir Hvannlækjarenni(40), oft stytta í Enni(41). Þar er og smálind, Ennislækur(42). Syðst í mýrinni er annar lækur og myndar gróf neðst, Sótu-gróf(43), heitin eftir hryssu, er fórst þar. Báðir falla til vesturs í Hvannlæk.

Austan Hvannlækjarmýrar tekur við allhár og brattur ás, Stórás(44). Þer hann hæst af Stafnslandi, ef frá er tekið Narfastaðafell (sjá síðar), og vestan hans er Stafnsheiði(45), eða Heiðin(46) talin byrja. Stórás er breiður, nánast stórt, ferhyrnt móaflæmi. Suður úr suðvesturhorni þess ferhyrnings gengur mjór langur ás, Beinás(47) (Beiniás), en úr norðvesturhorni til norðurs, allt að Rauðslækjarskotum, Stóráshali(48). Er ásabrúnin bein að vestan, og sem einn á væri, og nær að heita má þvert yfir Stafnsland frá suðri til norðurs. Í daglegu tali í Stafni er oft talað um sem örnefni, Stórásröð(49) og þá átt við hvora sem er, austur eða vestur brún Stórás.

Austan Stórásahala er Ásbjarnarmýri(50), í krikanum, sem myndast á milli halans og hins breiða Stórás. Úr Stórási gengur nafnlaus holtarani meðfram Ásbjarnarmýri að austan, og austan þeirra er Fellsflói(51). Úr honum liggur mýrardrag norðan holtanna niður í Ásbjarnarmýri, Fellsflóahali(52). Norðan Fellsflóa er móaflæmi og norðan þess Fellsmýri(53), og er syðsti hluti hennar Fellsmýrarbotn(54), í Stafnslandi, en mestöll mýrin í Narfastaðalandi. Þessi "fells" nöfn eru dregin af Narfastaðafelli.

Í Stórás, þar sem Stóráshali byrjar, er lögð í á sinn vestast, Selskarð(55) og austur af því önnur lögð, Draugaskarð(56). Um þessi skörð bæði liggja reiðgötur, Stöpul-selsvegur(57). Draugaskarð ber nafn af því, að þar eiga að hafa mætzt sendingar, sem Mývetningar og Kinnungar (sumir segja Eyfirðingar) gerðu hverjir öðrum. Tókust sendingar þessar fangbrögðum og tröðu lögðina í á sinn.

Yfir Stórás syðst, þar sem Beinás byrjar, liggja reiðgötur, Brennásgötur(58), kenndar við bæinn Brennás (Brenniás). Spöl fyrir vestan Stórás skiptast göturnar, Brennásgötur liggja suðvestur, um Hvannlækjarbotna og Vörðuás, en Heiðarselsgötur(59) í hávstur, stefnu á Heiðarsel. Bæði þessi býli eru komin í ey, Heiðarsel 1936 og Brennás 1941. Þau tilheyrðu Bárðdælahreppi.

Vestan við Beinás, sunnan Brennás gatna, er mjótt mýrarsund, suður úr Hvannlækjarmýri og nær skammt til suðurs, Sundið vestan við Beinás(60). Suður og vestur af því, allt suður til merkja Stafnsholts og vestur til Hvannlækjarása og Grjótbungu, er móaflæmi, Hvannlækjarmóar(61). Er það mishæðalítið. Á því er lítið holt, suðaustur af Hvannlækjarbotnum. Þar er tóugreni, Hvannlækjargreni(62).

Austast á Hvannlækjarmóum, vestan undir Beinási, er stórt flag, sem vatn stendur í á vorin og fram eftir sumri, Stóraflag(63). Úr því er frárennsli austur í gegnum Beinás.

Austan Fellsmýrar, sem fyrr er nefnd, er Narfastaðafell (64), einnig oft nefnt Fellið (65). Á Vesturbrún þess er langur melur frá norðri til suðurs,

6

Langimelur (66). Hæsta bunga hans heitir Langamelsbunga (67). Á henni er Langamelsvarða (68). Austan melsins eru Langamelsbörð (69), stundum heyjuð. Merkin á milli Stafns og Narfastaða liggja um Langamel nyrzt, og þaðan austur yfir fellið í Merkjálág (sjá síðar og landamerkjálýsingu).

Suður af Langamel tekur Fellið að lækka, heitir þar Fellshali (70). Hefur hann lítilsháttar austlægari stefnu en austurbrún Stórás. Vestan Fellshala syðst eru þrjár smáhólar, Strákar (71), örnefnið ungt. Sunnan undir Narfastaða vestast er allstórt mýrarflæmi og nær að Stórási. Nyrzti hluti þess heitir Flatiflóa (72), en syðri og neðri, Bæjarflói (73), og eru ekki glögg skil á milli. Bæjarflóa hallar nokkuð til austurs. Inn í hornið, sem myndast á milli Fellshala og Fellshala gengur hluti þessa mýrarflæmis og heitir Kriki (74). Austan hans er lágur ás suður úr Fellinu, Messuás (75). Um hann eru Messugötur (76). Yfir ásinum og síðan upp úr Krika, liggja Fellshalagötur (77), gamlar smala- og heybandsgötur. Koma þær síðan saman við Stöpulselveg. Við suðurenda Messuáss, og nánast framhald af honum, þar sem hann getur suður í Flataflóa, er holt, Krikiholt (78). Suður úr Flataflóa, meðfram Stórasi, er forblautt mýrarsund, Mjósund (79) og austan þess Bæjarásar (80). Er þá komið að austurmörkun þess svæðis sem nú er lýst, nema sunnan þeirra.

Bæjarásar eru tveir, Efri-Bæjarás (81) og Neðri-Bæjarás (82). Beint niður af þeim er bærinn Stafn. Þeir liggja norðan frá Bæjargróf (sjá síðar) og endanlega Nónskörðum (83), sem eru þó aðeins í austari ásinum, Ytra-Nónskarð (84) og Syðra-Nónskarð (85). Eru þau eyktamörk frá Stafni. Um þau liggja Nónskarðsgötur (86), sem síðar verða Brennásögötur. Samhliða Bæjarásum að vestan er Mjósund, sem áður getur. Endar það jafnt ásunum og þar er Mjósundsbotn (87). Um sama bil endar Stórás að sunnan.

Suður frá Bæjarásum er langur og allbreiður holtarani. Syðsti hluti hans heitir Nóngrófarholt (88). Vestast á holtum þessum, suður af Mjósundsbotni er lágur ás, Varás (89), og austan hans lítill tjörn, Grænatjörn (90). Þórnar hún á sumrin. Í krika þeim er myndast af Beinási að vestan, Stórasi að norðan og holtum þessum að austan, er allstórt mýrarflæmi, og nær vesturhluti hennar allan Stafnsholtlandi, Beinásmýri (91). Hallar henni mestallri lítilsháttar til austurs. Í henni austan til og norðan er hóll, Einbúi (92), og suður frá hólnum lágur holtarani, Holtin í Beinásmýrinni (93). Sunnan þeirra holta er Torfhall (94) og sunnan þess og neðan heitir mýrin Torfhallsmýri (95). Nokkru sunnar en Torfhallið eru Nóngrófarvíðrar (96). Efst í þeim á upptök sín Víðralækur (97) og rennur í Nóngrófarbotn. Neðst í Víðrum er Víðralækjarflæða (98). Suður af Víðrunum miðjum er Víðralækjarholt (99). Víðrarnir eru nokkru þurrlendari en mýrin í kring og voru vaxnir gulvíði, sem nú hverfur óðum.

Suður frá upptökum Víðralækjar er Kolgrafás (100). Neðan hans heita Holtshöll (101), kennd við Stafnsholt, en ofan hans er Beinásmýrin. Þvert yfir

Holtshöll og Beinásmýri liggja landamerkin.

Ofanvert við suðurenda Nóngrófarholta er djúpt jarðfall, aðallega grafið af leysingavatni, Nóngrófarbotn(102), sem síðan verður að Nóngróf(sjá síðar).

### III

#### Norðan Stafnshverfis, talið að norðan:

Stefna suðurhlíðar Narfastaðafells er nokkuð frá suðvestri til norðausturs. Sunnan í Fellinu heitir Slakki(103). Austan Messuáss, sem fyrr er getið eru holt, sem hafa stefnu frá vestri til austurs, og eru lægðir milli þeirra. Þau heita Lágarbarmar syðri(104) og hið syðsta þeirra Syðstaholt(105)<sup>3)</sup>. Nokkr norðar og austar, undan Slakkanum, eru Lágarbarmar ytri(106). Sunnan undir Kril holti, sem fyrr er getið, á upptök sín Yztilækur(107). Nokkru sunnar er Kaldilækur(108) og á uppsprettu á mörkum Flataflóa. Neðan Flataflóa syðst er Torfhall(109); var þar torfrista. Suður af Torfhalli er Dýjareitsholt(110) og ofan þess Húsaholt(111), nafngift og leikvöllur barna. Neðst í Torfhalli á upptök sín lítil nafnlaus lækur, en sunnan þess er Bæjargróf(112), sem síðar heitir Bæjarlækur(113) og fellur gegnum túnið í Stafni. Eru bæði nöfnin Bæjargróf og Bæjarlækur notuð nokkuð til skiptis og á reyki. Bæjargróf á upptök sín í Flataflóa og Mjósundi.

Suður af Lágarbörnum ytri er smáhjalli í annars mjög aflíðandi halla landsins til austurs. Nær hann suður að efri mörkum gamla Stafnstúns og raunar lengi Norðan bæjar heitir þessi hjalli Efrihöll(114), eða aðeins Höll(115). Um hjallann liggur Stafnshverfisvegur(116). Um Höllin eru nokkur sund með holtum á milli. Nyrzt er Yztasund(117) og í því Yztasundslækur(118). Á hann upptök í Yztasundsdýi(119), litlu ofar en sundið. Þá er Næstyztasund(120), Syðstasund(121) og sunnan þess Syðstaholt(122), en Kaldalækjargróf(123) á syðri hlið þess. Upp af gamla Stafnstúni nyrzt er Hesthússund(124). *Y J G*

Austan í Narfastaðafelli er Merkjalág(125)<sup>3)</sup>, sem áður er getið, ofan Gatnahjalla(126), sem Narfastaðavegur(127) liggur um (nú Stafnshverfisvegur). Frá Merkjalág, allt niður í árgilið, er Merkjahryggur(128) og eftir honum garðbrot, Merkjagarður(129). Þar er nú skógræktargirðing. Sunnan í Merkjahrygg, niður undir árgili, er Stekkur(130), rústir einar, Stekkjarhóll(131) og Stekkjarlækur(132), sem á uppsprettu framan í hólnum. Sunnar og ofar eru Skriðugilshjallar ytri(133) og Skriðugilshjallar syðri(134), á milli þeirra Skriðugil(135). Í því er Skriðugilslækur(136) og upp af því er Kofamýrarsund(137). Norðan Hjallanna, ofar en Stekkurinn, eru Skriðugilsgeirar(138). Þessi örnefni standast að mestu á við bæinn Víða, sem er á eystri gilbarminum. Gegnt þeim bæ gengur höfði nokkur fram í gilið og heitir Nefið móti Víðum(139). Sunnan þess er Hvammurinn(140), eða Víðahvammur(141) og í honum syðst Lækurinn(142).



Upp af Skriðugilshjöllum syðri er Ytri-Kofamýri(143)og ofan hennar Kofabun (144).Rétt utar og ofar henni er Kofabunguhæð(145),nýlegt örnefni,og yfir hana liggur Stafnshverfisvegur.Par sést fyrst til vegfarenda koma heim að Stafnshverfi. Niður af Kofabungu,sunnan Ytri-Kofamýrar,eru rústir,Nóngerði(146)eyktamark frá Víðum,einnig nefnt Mariugerði(147),líklega býlisrústir.Neðan þeirra er Nóngerðislækur(148)og norðanlækjarins neðarlega,Nóngerðisdý(149). Um Nóngerði er fjárstigur,Nóngerðisstigur(150).Suður og upp af Nóngerði er Syðri-Kofamýri(151).

Gilbrekkan,suður af Hvamminum móti Víðum,heitir Skógviðarhlíð(152),og er þar birkikjarr.Mest er þó kjarr á Merkjahrygg.Annars staðar í Stafnslandi finnst það ekki.Skógviðarhlíð endar við Skakkanef(153)að sunnan.Uppaf henni syðst er Jósepshvítarsund(154) og í því Jósepshvítarpollur(155),nöfnin dregin af ærnafni (Jósepshvít).

Skakkanef er allstór höfði austur úr gilbarminum,og er þar lítilsháttar sveigur á gilinu til austurs,en einkum er það þrengra,en bæði sunnar og norðar.Fremst á nefinu er Skakkanefshorn(156) og syðst á því Rögnvaldarhvammsholt (157).Á flata upp á nefinu er Dýjareitur(158) og ofan nefinsins Sjónarholt(159).

Í ánni austan undir nefinu er Skakkanefspollur(160).Í gilinu,rétt sunnan nefinsins er Rögnvaldarhvammur(161),þar vottar fyrir jarðhita,og undan honum í ánni,Rögnvaldarhvammspollur(162). Upp af Rögnvaldarhvammi eru Skakkanefssund (163).Sunnan þeirra heitir Tungnasund(164),og nær það neðan úr gili og upp, suður og niður af Sjónarholti.

Sunnan Tungnasunds er uppfrá gilbarminum allbrattur slakki,sem heitir Tungur(165).Efri röð hans heitir Tungnabarmur(166). Nyrst í Tungum er Hallið(167),sunnan þess Tungnamór(168)og efsti hluti hans,Elftingarmór(169).Þá tekur við Leirlækur(170),síðan Fagrakinn(171) og þá Laugarkinn(172).Í henni er volgur smálækur.Í lækinn var hlaðin fyrirstaða og myndaðist Laugarpollur(173).Þar tóku menn sér það. Ofan fyrirhleðslunnar heitir Laug(174),en neðan Laugarlækur (175). Upp af Laug,í Tungnabarmi,er Laugarholt(176).Sunnan Laugar er í Tungunum Hestaholt(177) og Hestahvammur(178). Norðan Hestaholts er Syðstilækur(179) og suður og upp af því Syðstumóar(180). Um Tungnabarm liggja Tungnagötur(181). Suðurtakmörk Tungna er við Bæjarlæk,þar sem hann fellur niður í gilið.Þaðan, að Rögnvaldarhvammi í norðri,heitir gilið Tungnagil(182).Nyrzt í því er í ánni Kristbjargarhvammspollur(183) og upp af honum Kristbjargarhvammur(184).

Upp á Tungnabarmi,milli Bæjargrófar og Sjónarholts,heita Neðri-Höll(185). Nyrzt í þeim á Tungnabarmi er Breiðasund(186) og syðst á Tungnabarmi,Fitjarholt(187). Ofan þess heitir Fitjarpollur(188),smátjarnarstöði,og litlu ofar, við djúpa gróf lækjarins,Nyrðri-Svarðarbakki(189) og Svarðgrafir(190), og gilti það örnefni jafnt beggja vegna grófarinnar.Þar var mótekja góð og komu upp sverir birkibálkar.Skammt ofan Svarðgrafa var Sléttibali(191).

Niður undan Syðstasundi í Efri-Höllum, en ofan Neðri-Halla, er Gollursholt (192). Sú saga er um það, að smalapiltur í Stafni stal sér gollri heima á bænum og fór með hann í felur í holtinu og át hann þar. Sunnan Gollursholts er Kalda lækjarholt (193) og á milli þeirra Kaldalækjarmór (194). Um hann er Kaldalækjarfarvegur (195). Í suður þaðan, rétt við Stafnstúnið gamla, er Hesthúsbrot (196). Upp af því er Hesthússund, sem fyrr er nefnt og nær allt að Torfhalli í Bæjarflóa. Hesthúsbrot var gömul rúst.

### Sunnan Stafnshverfis og neðan gamla túns og ofan:

Fyrst verða talin örnefni ofan túns og sunnan, allt að merkjum, en síðan neðan túns, í árgilinu og meðfram því. Í báðum tilfellum byrjað að norðan.

Neðan Bæjarása (austan) og sunnan Bæjargrófar er mýri, sem heitir Enni (197). Hallar henni til austurs neðantil og endar í Ennishalli (198). Í Enni eiga upp-tök sín tvær bergvatnslindir, Björnslind (199) sunnar, og Ennislækur (200), norðar. Falla báðar í Bæjargróf. Á milli Ennishalls og túnsins er Kvíjaból (201).

Austan holta þeirra suður af Bæjarásun, sem fyrr eru nefnd, er allstórt móa-flæmi, sem hallar til austurs og er nafnlaust. Um það liggja Efrivörðugötur (202), eða Vörðugötur (203). Efrivarða (204) er við norðurmörk Nóngrófarholta og ber við loft frá Stafni. Suður frá Stafnstúni n.l. miðju er langur, beinn ás, Lambhúsás (205) og um hann Lambhúsásgötur (206). Upp af ásnum n.l. miðjum er í holtin ofan hans, Mundaskarð (207) og ofan þess Mundaskarðsflötur (208). Um hann liggja Efrivörðugötur. Sunnan Lambhúsáss eru lögðir í holtin, sem allar snúa frá austri til vesturs og ná nokkru neðar (sjá síðar). Þær heita Lágar (209). Sunnan þeirra er Gatnaskiptaholt (210). Þar skiptast reiðgötur og liggja aðrar til suðvesturs og meðfram Nóngrófarholtum að Nóngróf, en hinar til suðausturs að Laugagróf. Voru að mestu fjárgötur. Sunnan Gatnaskiptaholts er Typpismýri (211) og í henni ótræðiskelda, Svartakelda (212). Nær mýrin suður að Nóngróf. Upp af Typpismýri sunnantil, austan í Nóngrófarholtum, er Rauðakelda (213). Eins og áður er sagt á Nóngróf (214) upptök sín í Nóngrófarbotni, sunnan Nóngrófarholta. Fellur hún síðan þvert austur í Laugagróf (215), sjá landamerkjalyðingu. Sunnan undir Nóngrófarholtum er lítill melhóll og á honum Nóngrófarvarða (216) Þar var einnig smalakofi, Nóngrófarkofi (217). Í Nóngrófina, sem er alldjúp ofan til, eru tvær mjóddir, Efrimjódd (218) og Neðrimjódd (219). Beggja vegna grófarinnar ofantil eru valllendismóar, Nóngrófarmóar (220). Neðan við Neðrimjódd verður grófin mjög grunn og þar flæðir hún úr farveginum í leysingum. Þar er vað á grófinni, Nóngrófarvað (221). Þar eru einnig Nóngrófarflæður (222), Ytri-Nóngrófarflæða (223), Syðri-Nóngrófarflæða (224) og Mið-Nóngrófarflæða (225). Er þetta sléttlendi, sem myndast hefur af framburði grófarinnar og eru flæðurnar grasgefnar.

Suður frá þeim er nafnlaust mýrlendi allt til merkja. Í Nóngrófarflæðum eru Fitjarholt(226). Öll þessi nón-örnefni eru talin vera eyktamörk frá Eiríks-tóttum í Laugatungu, sem og fleiri, sjá síðar.

Neðan við ganla túnið í Stafni er við Bæjargróf Syðri-Svarðarbakki(227). Annars er neðan túnsins frá Bæjargróf, að Dagnálahóli að neðan og Vatnsgötu sunnan, mýri, Dagnálamýri(228). Vatnsgata(229), er reiðgata, sem liggur frá syðra túnhorni niður á gilbarminn, niður í gilið og yfir ána, síðan handan árinna að Víðum, en einnig, fyrr, austur yfir Víðafell að Mávvatni. Nafngift stafar frá veiðileyfi, sem Stafn hafði í Mávvatni, og var gatan farin til veiðanna. Neðan Dagnálamýrar á gilbarminum er melhóll, ekki há, en nokkur um sig, Dagnálahóll(230), eyktamark frá Stafni. Austan undir honum í ánni er Dagnálapollur(231) og litlu norðar Dagnálabrot(232), það á ánni. Í gilbarminum, sunnan og austan í hólnum er stór steinn, Sólskríkjusteinn(233). Þar verpti sólskríkja og þar liggur Vatnsgatan í gilið. Suður og niður af steininum er á ánni Vatnsgötuvað(234).

Sunnan Dagnálahóls heitir brún gilsins alllangan spöl, Gilbarmur(235). Á honum er Mórusteinn(236), kenndur við á, sem fannst þar borin, Ofan Gilbarms og meðfram honum er Leyningur(237) og á hina hlið hans Leyningsholt(238). Í Leyningi, upp af Mórusteini, er Hrútalág(239). Ofan Leyningsholta, rétt neðan við Lambhúsás norðan verðan, er Veituholt(240). Ber það nafn af því, að þar var "lagt í veitu", þ.e., hræ af sjálf dauðum sauðkindum, eða annað hrámeti, var sett í n.l. fetsdjúpa, opna gróf; síðan lögðu maðkaflugur (fiskiflugur) egg sín í hræ og urðu af hvítar lyrfur - maðkar -, sem síðan skriðu til vetrardvalar í moldina í kring. Næsta vetur var moldin höggvin upp og þídd í fjósi og maðkarnir síðan notaðir sem beita við dorgarveiði á heiðavötnum, eða Mývatni.

Sunnar, en einkum neðar en Veituholt, er lágur ás, Rani(241). Endar hann <sup>11)</sup> við Lágur, þær hinar sömu og fyrr voru nefndar sunnan Lambhúsáss. Holtin milli láganna heita Lágarbarmar(242). Sunnan þeirra er Stekkjjarvörðuholt(243) og á <sup>12)</sup> því Stekkjjarvarða(244), en neðan þess flatu, að mestu smápýfður, Skeiðflötur(245). Sunnan hans er Skeiðflatarholt(246) og um hann og yfir holtið liggja Skeiðflatargötur(247).

Gilið, austan undir Gilbarmi, heitir Vatnsgötugil(248). Það er djúpt, en að mestu gróið. Þar er Vatnsgötuvað sem fyrr segir, og rétt sunnan þess á eyri við ána lítil dæld, er aldrei þornaði og vatn hljóp í, þegar vöxtur var í ánni, Nælapollur(249). Litlu sunnar er í ánni Kinnupollur(250), einnig oft nefndur Kinnarpollur(251). Fyrri nafnið mun dregið af ær- eða gripsnafni, en síðara heitið annað hvort afbökun, eða dregið af sléttri brekku, rétt upp af pollinum, upp undir gilbrún, en þar heitir Kaldakinn(252). Á milli pollsins og Köldukinnar er stórgrýtt urð, Klungur(253). Niður í Kinnupoll fellur mest allt vatn árinna á milli tveggja stórra steina. Þar heitir Sigurgeirsstökk(254), kennt við Sigurgeir Jónsson bónda í Víðum á seinni hluta 19. aldar. Á hann að hafa

stokkið á milli steinann, þegar áin annars var bæði óvæð og óreið. Æði spöl sunnan Kinnupolls, fellur lítil kvísl úr ánni og myndar Kvíslarhólm(255). Sameinast kvíslin ánni skammt sunnan við Kinnupoll. Spöl sunnar en Kaldakinn, er skammt frá gilbrún Smyrilsklöpp(256). Þar verptu smyrlar reglulega í mörg ár.

Gilbarmur endar við litla lægð, sem gengur frá Skeiðfleti norðan verðum niður í gilið. Þar fyrir sunnan er holtarani, sem heitir Klaufarbarmur(257), en einnig nefndur Raufarbarmur(258). Austan hans og meðfram honum er alldjúpt jarðfall, sem dýpkar til norðurs í gilið. Það heitir Klauf(259), eða Rauf(260). Fyrra nafnið algengara. Austan Klaufar er alllangur melhryggur út og suður, sem heitir Blænghóll(261), blængur= hrafn. Myndar Blænghóll allstóran höfða austur í gilið, og þrengist það mjög við norðausturhorn hans. Austan í Blænghól er flati nokkur við árgilið, Stallur(262) og í ánni austan hólsins er Blænghóllspollur(263). Norðaustur af Blænghóli fellur áin á flúðum. Þar heita Hellisstrengir(264), en hellisskútar eru í austurbrekku gilsins, sem er klettótt. Hellisstrengir voru veðurviti frá Stafni. Þegar tók hátt í strengina vissi það á suðaustan og sunnanátt.

Sunnan við Blænghól er grasigróinn hóll og nokkur um sig, með garðbroti í kring. Sá heitir Geitakofahóll(265), eða Stekkjjarhóll(266). Bæði nöfnin notuð jöfnum höndum. Á hólnum sá fyrir kofarúst. Er Geitakofahóll nánast suðurendi Blænghóls, aðeins nokkru lægri. Sunnan hans er djúpt skarð í gilbarminn, Stekkjjarhvammur(267) og eftir honum rennur Stekkjjarlækur(268). Í ánni, niður af hvamminum, er Stekkjjarhvammspollur(269). Sunnan Stekkjjarhvamms er hárl melhóll, Stekkjjarhöfði(270). Austan höfðans koma saman Laugagróf og Austurgilsá og þar hefst Reykjadalsá(271). Rétt sunnan við ármótin er við ána Stekkur(272) og á barði við hlið hans Lambakró(273). Norður frá Stekk eru Stekkjareyrar(274). Þarna var stekkur frá Stafni og var þar fært frá á meðan ær voru hafðar í kvíjum, seinast 1929. Stekkur á þessum stað fyrst byggður eftir aldamót 1900.

Við Stekkjjarhöfða er bugur á Laugagróf, fellur hún til austurs sunnan við höfðann og beygir á ný til norðurs austan hans. Að höfðanum vestast kemur hún frá suðvestri. Þar er ekki gil að Laugagróf, heldur hálfgeigur slakki meðfram henni, og er vesturbrún slakkans nokkurn spöl frá grófinni. Slakki þessi heitir Rauðihvammur(275) og nær frá Stekkjjarhöfða og Stekkjjarholt(276), sem er ofan höfðans syðst, og að Eiríksnefi(277) að sunnan, sem lokar slakkanum, og þar hefst gil á ný. Neðan Stekkjjarholts, og milli þess og Stekkjjarhöfða, er Stekkjarsund(278), en norðan holtsins og ofan, og norður á móts við Geitakofahól, er Stekkjarmýri(279). Í henni er jarðfall, Svartibakki(280):

Rauðihvammur var engi. Tvær keldur ganga þvert um Hvamminn, Svartakelda(281) norðar, og Rauðakelda(282) sunnar. Í hvamminum, nálæga miðum, er Matarholt(283). Þar leitaði engjafólk skjóls til að matast. Í Rauðahvammi vottar fyrir jarðyl.

Þar heitir Laug(284) og upp af henni Laugarbrekka(285).Slakkaröðin að vestan heitir Rauðahvammsbarmur(286). A honum eru valllendismóar,Rauðahvammsmóar(287) og upp af þeim syðst,Rauðahvammsund(288). Undan Eiríknefi er í Laugagróf, Hellupillur(289) norðar,og Eiríkspollur(290) sunnar. Niður í hann fellur Laugagrófin á snarbrattri klöpp,allhárri.Þar er Eiríkss foss(291). Reykjadalssá er laxgeng og Laugagróf að Eiríkssfossi.Þessi Eiríkss-örnefni segja munmæli kennd við Eirík,einsetumann,sem búið hafi að þeim stað,er heita Eiríkstættur í Laugatungu (austan Laugagrófar). A hann að hafa druknað við veiðiskap í Eiríkspolli.

Í gilinu sunnan Eiríkssnefnis heita Hvammar(292).A gilbarminum rétt norðan við Nóngróf,þar sem hún fellur í gilið,er stakt holt,Nónholt(293).Ofan þess heitir Nónholtssund(294). Frá Nóngróf og suður að merkjum er mjög lítið gil að Laugagróf og síðan ekkert.Suður undir Stafnshólmmerkjum er stakt holt við grófina,Dýjareitsholt(295)og sunnan þess Dýjareitur(296).Örstuttu sunnar á bakka Laugagrófar gegnt Grænanefti eða Kúanefi í Laugatungu,heitir Merkjavaröngur(297),sjá landamerkjalyfsingu.

#### Örnefni í Stafnstúninu gamla:

Bæjarlækur fellur þvert um túnið,örskammt frá bæjarvegg,en bærinn er n.1.miðju túni frá norðri til suðurs,en litlu ofar(vestar) á þann veg.Túnið var girt með djúpum skurði ofantil að norðan,en síðan Bæjargróf,eftir að skurðurinn kemur saman við hana út og niður af bænum; að neðan (austan),sunnan og ofan (vestan) með vallargarði,hlöðnum úr torfi og grjóti,þverhnípum að utan,en ávölum og vallgrónum að innan (að túni). Lýsing og örnefni er miðað við það,sem var um 1920,en mörg örnefni eru nú horfin,sem og víðar í Stafnlandi,og verður þess getið í sérstakri skrá.

Norðan bæjar,á milli Bæjarlæks og túnskurðar að norðan,heitir Hesthústunga(298),neðsti hluti hennar Hesthústungusporður(299)og ofarlega í henni Hesthúshóll(300)Gegnt Stafnsbæ í norðurbarmi Bæjarlæks er Öskuhaugur(301).Við túnjaðar að ofan eru Kvíjar(302).Efsti hluti túnsins og sá hallamesti heitir Kvíjabrekka(303).Rétt ofan við túnið,norðan Kvíja,var tekið vatn úr Bæjarlæk í Millulæk(304).Myndaði hann ~~Milluhólma~~(305) Milluhólma(305),efst í túninu. Neðan við Milluhólma er Milla(306).Þar var um langan aldur malað korn til heimilis í Stafni og fyrir önnur heimili.Sneri Millulækur undirvatnshjóli og knúði milluna.

Túnið á milli Millu og bæjar heitir Smiðjutunga(307).Þar stóð þó ekki smiðja í tíðnúlifandi kynslóða,heldur hesthús. Við rætur Kvíjabrekku,suður og upp

af bænum er Kvíjakofabrot(308), rústir, og þar sér fyrir gömlum túngarði. Beint suður af bænum, neðan Kvíjabrekku, er Efsthúshóll(309) og stórpýfi í kring um hann, Efsthúspúfur(310). Neðan hólsins er þúfnastykki, Efsthústunga(311) og sunnan hólsins við túnjaðar, fjárhús, Efsthús(312). Meðfram bæjarþili að austan er Hlað(313) og fram af því allbrött, stutt brekka, Varpi(314), eða Hlaðvarpi(315). Nokkru neðar en bærinn eru þrjár hólar í röð út og suður, Miðhúshóll(316) syðst, þá Nýhúshóll(317), og Lækjarkofahóll(318) nyrzt. Á Nýhúshóli er fjárhús, Nýhús(319), og norðan Lækjarkofahóls á lækjarbakkanum, Lækjarkofi(320). Neðan þessarar hóla er lægð í túnið, en neðan hennar lágur rani, út og suður, Neðsthúshóll(321) og sunnan í honum Kinn(322). Á hólnum syðst er Neðsthús(323). Austan í hólnum nyrst eru Hesthúspúfur(324) og norðaustan þeirra tjarnarstæði, sem vatn stendur í á vorin, Tjörn(325). Austan Tjarnar er gamalt túngarðsbrot, Gamli garður(326). Norðan og ofan Tjarnar eru Óræktarpúfur(327). Í suðaustur horni túnsins er Neðstikofi(328) og norðan hans Neðstakofamór(329), lyngmór innan túngirðingar.

Við bæjarlæk, rétt hjá bæjarhorni að vestan, er byggt yfir lækinn, til þess að hægt sé að ná til neyzluvatns í snjóþyngslum og heitir Brunnhús(330).

#### Ný örnefni í Stafnshverfistúnum:

Í Stafnshverfi hafa verið gerð á síðustu árum viðáttumikil tún. Hafa við það myndast örnefni, ýmisst dregin af öðrum eldri, eða ekki.

Fellstún(331), er á Lágarbörnum(106) og í Slakka(103). Gollurshólf(332), er í kring um Gollursholt(192) og neðar. Sjónarhólf(333) er upp af Sjónarholti(159). Yztahólf(334) er niður af Yztasundi(117) og nær norður í Syðri-Kofamýri(151). Efriklípa(335) og Neðriklípa(336) er neðan Yztahólfs, nafngift barna, sem gjarna missa þar kýr í sjálfheldu, þá þær eru reknar til fjóss, eftir beit á túnum. Réttarholt(337) er á Efrihöllum(114) nokkurn spöl norðar bænum Fellshlíð. Suðurtún(338) er sunnan bæjarins Vallholt. Viðreisnartún(339) er ofan skurðar sem grafinn er spöl fyrir ofan Vallholt. Í því er fjárhús, sem heitir Viðreisn(340). Sunnan Viðreisnartún heitir Hænsnakofatún(341), en næst Vallholtsbæ að ofan, Bæjartún(342). Mórusteinsvöllur(343) er á Gilbarmi(235) og nær upp í Leyning(237). Ranatún(344) er á Rana(241) og Leyningsholtum(238). Grófarbakki(345) er tún á suðurbakka Bæjargrófar(112), þar sem var Syðri-Svarðarbakki(227).

#### Örnefni, sem fundist hafa í eftirleit:

- 1) Efsti hluti Rauðslækjar(28), frá bergvatnsuppsprettu og þr til hann tekur í sig mýrarrauða, er af sumum nefndur Merkjalækur(346). Sigurður Jakobsson á Narfastöðum nefndi hann svo. (Heimild: Hólmgeir Sigurgeirsson á Völlum.)

- 2) Engjablettur syðst í Fellsflóa heitir Fellsflóarönd(347).
- 3) Sunnan Syðstaholts(105) á Lágarbörnum eru Garðsendapúfur(348), nokkrar mjög stórar púfur og hjá þeim sér fyrir garðbroti.
- 4) Norðan Syðstasunds(121) í Efrihöllum(114) er Næstsyðstasund(349). Fleiri voru sundin í Efrihöllum og án nafngiftar.
- 5) Sunnan í Syðstaholti(122) á Efrihöllum(114) er Syðstahall(350).
- 6) Leirlind(351) hét smálind í Hesthússundi(124).
- 7) Merkjálág(125) var af sumum kölluð Kollulág(352). Svo var t.d. af heimilisfólki í Víðum. Uppruni nafns óþekktur. (Heimild: Hólmgeir Sigurgeirsson.)
- 8) Neðan sundanna á Efrihöllum(114) og upp af Sjónarholti(159) var Langahall(353).
- 9) Suður og niður af Langahalli var lítill engjablettur, Fagriblettur(354).
- 10) Skammt norður af Nóngrófarflæðum(222) er Andarlág(355), kennd við lamb, sem Önd hét og þar fórst. (Heimild: Hólmgeir Sigurgeirsson. Örnefnið ungt.)
- 11) Á Rana(241) er Ranastigur(356).
- 12) Á Stekkjarvörðuholti(243) er Stekkjarmýri(357), framhald af Ranastíg.
- 13) Suður og upp af Stekkjarmýri(279) eru Stekkjarmýrarsund(358) og ná þau að Typpismýri. 1)

Örnefni, sem týnd eru vegna bygginga og túnræktar:

- |                         |                              |
|-------------------------|------------------------------|
| 1. Breiðasund(186)      | 14. Neðsthús(323)            |
| 2. Brunnhús(330)        | 15. Ranastigur(356)          |
| 3. Efrihöll(114)        | 16. Neðstakofamór(329)       |
| 4. Fagriblettur(354)    | 17. Nyrðri-Svarðarbakki(189) |
| 5. Fitjarpollur(188)    | 18. Næstsyðstasund(349)      |
| 6. Hesthúsbrot(196)     | 19. Næstyztasund(120)        |
| 7. Hesthússund(124)     | 20. Syðri-Svarðarbakki(227)  |
| 8. Hesthúspúfur(310)    | 21. Syðstahall(350)          |
| 9. Kaldalækjarmór(194)  | 22. Syðstaholt(122)          |
| 10. Kvíjakofabrot(308)  | 23. Syðstasund(121)          |
| 11. Langahall(353)      | 24. Tjörn(325)               |
| 12. Leirlind(351)       | 25. Öskuhaugur(301)          |
| 13. Lækjarkofahöll(318) |                              |

Auk þessa "púfu"-örnefni í gamla Stafnstúni.

1) Björnsdóttir(199) var einnig nefnd Ingibjargarlind, kennd við Ingibjörgu Jónsdóttur frá Lundarbrékku (f. 1835), sem húsfreyja var í Stafni í fjölda ára. Sótti hún drykkjarvatn í lindina, oft daglega. Taldi hún vatnið öllu öðru vatni heilsusamlegra.

N A F N A S K R Æ

- |                          |                                 |
|--------------------------|---------------------------------|
| 1. Andarlág(355)         | 39. Eiríksnef(277) <sup>a</sup> |
| 2. Asbjarnarmýri(50)     | 40. Eiríkspollur(250)           |
| 3. Beinás(47)            | 41. Elftingarmór(169)           |
| 4. Beinásmýri(91)        | 42. Enni(41)                    |
| 5. Björnsliind(199)      | 43. Enni(197)                   |
| 6. Blænghöll(261)        | 44. Ennishall(198)              |
| 7. Blænghöllspollur(263) | 45. Ennislækur(42)              |
| 8. Breiðasund(186)       | 46. Ennislækur(200)             |
| 9. Brennásgötur(58)      | 47. Fagrakinn(171)              |
| 10. Brunnhús(330)        | 48. Fagriblettur(154)           |
| 11. Bugar(32)            | 49. Fellið(65)                  |
| 12. Bunupollur(4)        | 50. Fellsflóahali(52)           |
| 13. Bæjarásar(80)        | 51. Fellsflóarönd(347)          |
| 14. Bæjarflói(73)        | 52. Fellsflói(51)               |
| 15. Bæjargróf(112)       | 53. Fellshalagötur(77)          |
| 16. Bæjarlækur(113)      | 54. Fellshali(70)               |
| 17. Bæjartún(342)        | 55. Fellsmýrarbotn(54)          |
| 18. Dagmálabrot(232)     | 56. Fellsmýri(53)               |
| 19. Dagmálahöll(230)     | 57. Fellstún(331)               |
| 20. Dagmálamýri(228)     | 58. Fitjarholt(187)et.          |
| 21. Dagmálapollur(231)   | 59. Fitjarholt(226) ft.         |
| 22. Draugaskarð(56)      | 60. Fitjarpollur(186)           |
| 23. Dýjareitsholt(110)   | 61. Flaga(26)                   |
| 24. Dýjareitsholt(295)   | 62. Flatiflói(72)               |
| 25. Dýjareitur(158)      | 63. Gamli garður(326)           |
| 26. Dýjareitur(296)      | 64. Garösendapúfur(348)         |
| 27. Efri-Bæjarás(81)     | 65. Gatnahjalli(126)            |
| 28. Efrihöll(114) ft.    | 66. Gatnaskiptaholt(210)        |
| 29. Efriklípa(335)       | 67. Geitakofahöll(265)          |
| 30. Efrimjódd(218)       | 68. Gilbarmur(235)              |
| 31. Efrivarða(204)       | 69. Gollursholt(192)            |
| 32. Efrivörðugötur(202)  | 70. Gollurshólf(332)            |
| 33. Efsthús(312)         | 71. Grjótbunga(27)              |
| 34. Efsthúshöll(309)     | 72. Grófarbakki(345)            |
| 35. Efsthústunga(311)    | 73. Grænatjörn(90)              |
| 36. Efsthúspúfur(310)    | 74. Hallið(167)                 |
| 37. Einbúi(92)           | 75. Heiðarselsgötur(59)         |
| 38. Eiríksfoss(291)      | 76. Heiði(46)                   |



- 77...Hellisstrengir(264)
78. Hellupollur(289)
79. Hestaholt(177)et.
80. Hestahvammur(178)
81. Hesthúsbrot(196)
82. Hesthúshóll(300)
83. Hesthússund(124)et.
84. Hesthústunga(298)
85. Hesthústungusporður(299)
86. Hesthúspúfur(324)
87. Hlað(313)
88. Hlaðvarpi(315)
89. Holtin í Beinásmýrinni(93)
90. Holtshöll(101)ft.
91. Hrútalág(239)
92. Húsholt(111)et.
93. Hvammar(292)
94. Hvammurinn(140)
95. Hvannlækjarásar(17)
96. Hvannlækjaráshali(18)
97. Hvannlækjarbotnar(22)
98. Hvannlækjarenni(40)
99. Hvannlækjargreni(62)
100. Hvannlækjarnóar(61)
101. Hvannlækjarnýri(39)
102. Hvannlækur(21)
103. Hæsnakofatún(341)
104. Höll(115)ft.
105. Jósephvítarpollur(155)
106. Jósephvítarsund(154)
107. Kaldakinn(252)
108. Kaldalækjarfarvegur(195)
109. Kaldalækjargróf(123)
110. Kaldalækjarholt(193)
111. Kaldalækjarnór(194)
112. Kaldilækur(108)
113. Kamarlækur(1)
114. Kinn(322)
115. Kinnarpollur(251)
116. Kinnupollur(250)
117. Klauf(259)
118. Klaufarbarmur(257)
119. Klungur(253)
120. Kofabunga(144)
121. Kofabunguhæð(145)
122. Kofamýrarsund(137)et.
123. Kolagrafaás(100)Sér fyrir kolagröfum.
124. Kollulág(352)
125. Krikahólt(78)et.
126. Kriki(74)
127. Kristbjargarhvammuspollur(183)
128. Kristbjargarhvammur(184)
129. Kvíjaból(201)
130. Kvíjabrekka(303)
131. Kvíjakofabrot(308)
132. Kvíjar(302)
133. Kvíslarhólmi(255)
134. Lambakró(273)
135. Lambatangi(34)
136. Lambhúsás(205)
137. Lambhúsásgötur(206)
138. Langahall(353)
139. Langamelsbunga(67)
140. Langamelsb-rö(69)
141. Langamelsvarða(68)
142. Langimelur(66)
143. Langipollur(6)
144. Laug(174)
145. Laug(284)
146. Laugagróf(215)
147. Laugarbrekka(285)
148. Laugarholt(176)et.
149. Laugarkinn(172)
150. Laugarlækur(175)
151. Laugarpollur(173)
152. Lágur(209)
153. Lágarbarnar(242)
154. Lágarbarnar syðri(104)
155. Lágarbarnar ytri(106)
156. Leirlind(351)

157. Leirlækur (170)  
 158. Leyningsholt (238) ft.  
 159. Leyningur (237)  
 160. Lúputangi (3)  
 161. Lækjarkofahóll (318)  
 162. Lækjarkofi (320)  
 163. Lækurinn (142)  
 164. Maríugerði (147)  
 165. Matarholt (283)  
 166. Merkjagarður (129)  
 167. Merkjahryggur (128)  
 168. Merkjálág (125)  
 169. Merkjálækur (346)  
 170. Merkjavarða (297)  
 171. Messuás (75)  
 172. Messugötur (76)  
 173. Miðdegisás (10)  
 174. Miðdegislág (11)  
 175. Miðdegismýrarhali (16)  
 176. Miðdegismýri (15)  
 177. Miðhúshóll (316)  
 178. Mið-Nóngrófarflæða (225)  
 179. Milla (306)  
 180. Milluhólmi (305)  
 181. Millulækur (304)  
 182. Mjóíás (12)  
 183. Mjósund (14)  
 184. Mjósund (79)  
 185. Mjósundsbotn (87)  
 186. Mórusteinn (236)  
 187. Mórusteinsvöllur (343)  
 188. Mundaskarð (207)  
 189. Mundaskarðsflötur (208)  
 190. Narfastaðafell (64)  
 191. Narfastaðavegur (127)  
 192. Neðri-Bæjarás (82)  
 193. Neðrihöll (185) ft.  
 194. Neðriklípa (336)  
 195. Neðrimjódd (219)  
 196. Neðstakofamór (329)  
 197. Neðsthús (323)  
 198. Neðsthúshóll (323)  
 199. Neðstikofi (328)  
 200. Nefið móti Víðum (139)  
 201. Nóngerði (146)  
 202. Nóngerðisdý (149)  
 203. Nóngerðislækur (148)  
 204. Nóngerðisstígur (150)  
 205. Nóngróf (214)  
 206. Nóngrófarbotn (102)  
 207. Nóngrófarflæður (222)  
 208. Nóngrófarholt (88)  
 209. Nóngrófarkofi (217)  
 210. Nóngrófarmóar (220)  
 211. Nóngrófarvað (221)  
 212. Nóngrófarvarða (216)  
 213. Nóngrófarvíðrar (96)  
 214. Nónholt (293) et.  
 215. Nónholtssund (294) et.  
 216. Nónmelsás (7)  
 217. Nónmelshorn (9)  
 218. Nónmelur (8)  
 219. Nónskarðsgötur (86)  
 220. Nónskörð (83)  
 221. Nýröri-Svarðarbakki (189)  
 222. Nýkús (319)  
 223. Nýhúshóll (317)  
 224. Nælapollur (249)  
 225. Næstsyðstasund (349)  
 226. Næstyztasund (120)  
 227. Óræktarþúfur (327)  
 228. Ranastígur (356)  
 229. Ranatún (344)  
 230. Rani (241)  
 231. Rauðahvammsbarmur (286)  
 232. Rauðahvammsmóar (287)  
 233. Rauðahvammsund (288) ft.  
 234. Rauðakelda (213)  
 235. Rauðakelda (282)  
 236. Rauðihvammur (275)

237. Rauðslækjarskot(31)  
 238. Rauðslækjarviðrar(30)  
 239. Rauðslækur(28)  
 240. Rauf(260)  
 241. Raufarbarður(258)  
 242. Réttarholt(337)  
 243. Reykjadalssá(271)  
 244. Rögnvaldarhvammsholt(157)  
 245. Rögnvaldarhvammspollur(162)  
 246. Rögnvaldarhvammur(161)  
 247. Selás(36)  
 248. Seljadalsá(2) og(29)  
 249. Selskarð(55)  
 250. Sigurgeirsstökk(254)  
 251. Sjónarholt(159) et.  
 252. Sjónarhólf(333) et.  
 253. Skakkanef(153) et.  
 254. Skakkanefshorn(156) et.  
 255. Skakkanefspollur(160)  
 256. Skakkanefssund(163) ft.  
 257. Skeiðflatargötur(247)  
 258. Skeiðflatarholt(246) et.  
 259. Skeiðflötur(245)  
 260. Skógvíðarhlíð(152)  
 261. Skriðugil(135)  
 262. Skriðugilsgeirar(138)  
 263. Skriðugilshjallar syðri(134)  
 264. Skriðugilshjallar ytri(133)  
 265. Skriðugilslækur(136)  
 266. Slakki(103)  
 267. Sléttibali(199)  
 268. Smiðjutunga(307)  
 269. Smyrilsklöpp(256)  
 270. Sóleyjarspilda(38)  
 271. Sólskríkjusteinn(233)  
 272. Sótugróf(43)  
 273. Stafnsheiði(23) og(45)  
 274. Stafnshverfisvegur(116)  
 275. Stafnstangi(33)  
 276. Stallur(262)  
 277. Stekkjareyrar(274)  
 278. Stekkjarholt(276) et.  
 279. Stekkjarhóll(131)  
 280. Stekkjarhóll(266)  
 281. Stekkjarhvammur(267)  
 282. Stekkjarhvammspollur(269)  
 283. Stekkjarhöfði(270)  
 284. Stekkjarlækur(132)  
 285. Stekkjarlækur(268)  
 286. Stekkjarmýrarsund(358) ft.  
 287. Stekkjarmýri(279)  
 288. Stekkjarsund(278) et.  
 289. Stekkjarvarða(244)  
 290. Stekkjarvörðuholt(243) et.  
 291. Stekkjarvörðustígur(357)  
 292. Stekkur(130) Eldri rúst.  
 293. Stekkur(272) Yngri rúst.  
 294. Stórafلاغ(63)  
 295. Stórás(44)  
 296. Stóráshali(48)  
 297. Stórásröð(49)  
 298. Strákar(71)  
 299. Stöpulsel(35)  
 300. Stöpulselshæðir(37)  
 301. Stöpulselsvegur(57)  
 302. Suðurtún(338)  
 303. Sundið vestan við Beinás(60)  
 304. Svarðgrafir(190)  
 305. Svartakelda(212)  
 306. Svartakelda(281)  
 307. Svartibakki(280)  
 308. Syðra-Nónskarð(85)  
 309. Syðri-Kofanfýri(151)  
 310. Syðri-Nóngrófarflæða(224)  
 311. Syðri-Svarðarbakki(227)  
 312. Syðstahall(350)  
 313. Syðstaholt(105)  
 314. Syðstaholt(122)  
 315. Syðstasund(121)  
 316. Syðstilækur(179)

- |                        |                               |
|------------------------|-------------------------------|
| 317. Syðstumóar(180)   | 337. Vatnsgötuvað(234)        |
| 318. Tjaldás(25)       | 338. Vegpollur(5)             |
| 319. Tjarnarás(13)     | 339. Veituholt(240)           |
| 320. Tjarnarmýri(19)   | 340. Viðreisn(340)            |
| 321. Tjörn(325)        | 341. Viðreisnartún(339)       |
| 322. Tjörnin(20)       | 342. Viðahvammur(141)         |
| 323. Torfhall(94)      | 343. Viðralækur(97)           |
| 324. Torfhall(109)     | 344. Viðralækjarflæða(98)     |
| 325. Torfhallsmýri(95) | 345. Viðralækjarholt(99)      |
| 326. Tungnabarmur(166) | 346. Vörðuás(24)              |
| 327. Tungnagil(182)    | 347. Vörðugötur(203)          |
| 328. Tungnagötur(181)  | 348. Ytra-Nónskarð(84)        |
| 329. Tungnanór(168)    | 349. Ytri-Kofanýri(143)       |
| 330. Tungnasund(164)   | 350. Ytri-Nóngrófarflæða(223) |
| 331. Tungur(165)       | 351. Yztahólf(334)            |
| 332. Typpismýri(211)   | 352. Yztasund(117)            |
| 333. Varás(89)         | 353. Yztasundsdy(119)         |
| 334. Varpi(314)        | 354. Yztasundslækur(118)      |
| 335. Vatnsgata(229)    | 355. Yztilækur(107)           |
| 336. Vatnsgötugil(248) | 356. Öskuhaugur(301)          |

Í Stafnshverfi eru nú 6 lögbýli, þar af 3 nýbýli með sérheitum:

Vallholt, byggt 1934 á Efri-Höllum, norðan Hesthússunds.

Vellir, byggt 1937 í Hesthústungu, rétt norðan Bæjarlækjar móts við Stafnsbæ.

Fellshlíð, byggt 1959 á Efri-Höllum nokkru norðar en Vallholt, þar sem hét Syðstaholt.

Hin önnur býlin eiga heimilisfang að Stafni. Öll til samans mynda þau Stafnshverfi.

Uppruni örnefna, sem kennd eru til mannanafna, er óviss, sé ekki annars getið. Svo er einnig um önnur örnefni, sé merking þeirra ekki augljós.

Hreinritað í nóvember og desember 1967.

*Rall H. Jónsson*